



Skýrsla stjórnar NPA miðstöðvarinnar svf

Starfstímabilið 5. maí 2018 til 1. júní 2019

Skýrsla lögð fram á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar 1. júní 2019

Efnisyfirlit

1	Yfirlit starfstímabils	2
1.1	Lögfesting NPA	2
1.2	Hátíðarfögnuður NPA miðstöðvarinnar	4
1.3	Flutningar, ráðning framkvæmdastjóra og fjölgun á skrifstofu	4
1.4	Kynningarstarf og fjölmiðlar	5
1.5	Fræðsla	6
1.6	Umsókn um starfsleyfi og námskeið um NPA	7
1.7	Minnisblað NPA miðstöðvarinnar um jafnaðartaxta og kröfubréf til sveitarfélaga	7
1.8	Skoðanakönnun meðal NPA aðstoðarfólks og kjaraviðræður	8
1.9	Stefnumótunardagur NPA miðstöðvarinnar	9
1.10	Vinnan framundan	10
2	NPA miðstöðin	10
2.1	Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar	10
2.2	Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur/félagsmenn	11
2.3	Fjöldi NPA aðstoðarfólks	11
2.4	Stjórn	11
2.4.1	Fjöldi stjórnarfunda	12
2.5	Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar	12
2.6	Þjónusta NPA miðstöðvarinnar	13
2.7	Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar	14
2.8	Rekstur og fjárhagur	14

Skýrsla stjórnar

1 Yfirlit starfstímabils

Óhætt er að segja að yfirstandandi starfstímabil stjórnar NPA miðstöðvarinnar hafi verið viðburðarríkt. Eftir áralanga baráttu fatlaðs fólks á Íslandi hefur rétturinn til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) loksins verið lögfestur. Aðkoma NPA miðstöðvarinnar og félagsmanna hennar hefur reynst drjúg í þeirri baráttu, en þrátt fyrir að rétturinn hafi verið lögfestur eru margvíslegar áskoranir framundan og óleyst úrlausnarefni sem tengjast innleiðingu og uppbygginu NPA á landinu.

1.1 Lögfesting NPA

Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi þann 1. október 2018. Í 11. gr. laganna er kveðið á um rétt fatlaðs fólks til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Rétturinn til NPA nær til allra þeirra einstaklinga sem falla undir lögin, þ.e. þeir einstaklingar sem hafa miklar stuðningsþarfir og er viðmið laganna 15 klst. á viku að jafnaði. Í lögnum er rétturinn til NPA ekki afmarkaður við ákveðnar skerðingar eða tiltekinn aldur, en í samráðsvinnu og umsagnarferlum lagði NPA miðstöðin mikla áherslu á að allir ættu að geta notið NPA, jafnvel þeir sem gætu ekki sinnt verkstjórninni sjálfir vegna fötlunar sinnar eða aldurs.

Eftir að lögin tóku gildi í október var nokkur vinna eftir við að fullmóta reglugerð um framkvæmd NPA. Þetta skapaði nokkra óvissu og tafir við fjölgun nýrra NPA samninga. Stjórnarmeðlimir NPA miðstöðvarinnar beittu sér fyrir því að opna réttinn til þjónustunnar, tryggja gæði í allri framkvæmd og að skýrar kröfur yrðu gerðar til umsýsluaðila. Þá þyrfti einnig að skerpa á skyldum sveitarfélaga gagnvart notendum um að framlög til NPA samninga þyrftu að standa undir kjarasamningsbundnum launagreiðslum til NPA aðstoðarfólks. Þá þyrfti að taka tillit til veikinda aðstoðarfólks, námskeiða og aðstoðarverkstjórnar. Athugasemdir NPA miðstöðvarinnar skiluðu sér að einhverju leyti í reglugerðina, sem var birt í lok desember 2018, sbr. reglugerð nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð.

Þrátt fyrir lögfestingu og birtingu reglugerðar töldu mörg sveitarfélög sig ekki getað hafið fjölgun NPA samninga þar sem bæði handbók um NPA og samningsform skorti frá ráðuneytinu. NPA miðstöðin kom sínum athugasemdum á framfæri við samningsformin um NPA og útfærði jafnvel leiðbeiningar til handa sveitarfélögum um hvernig ætti að fylla þau út, í þeim tilgangi að flýta fyrir fjölguninni og auðvelda sveitarfélögum að taka upp nýja framkvæmd. Handbók um NPA var send í samráðsferli um vorið og skilaði NPA miðstöðin umsögn um handbókina. Stjórnarmönnum NPA miðstöðvarinnar þótti dapurlegt að sjá að sveitarfélög væru ekki hvött til þess í handbókinni að forgangsraða þjónustu sem tryggir sjálfstætt líf og bjóða uppá að þjónusta yrði skipulögð sem NPA, jafnvel fyrir notendur sem ekki eiga beinan rétt á því. Þvert á móti virtust sveitarfélög vilja leggja áherslu á að binda fjölgun NPA samninga við kostnaðarþátttöku ríkisins á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 38/2018 þar sem fjallað er um samstarf ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun tiltekins fjölda samninga. Þessu hefur NPA miðstöðin ætíð verið ósammála og lagt áherslu á að réttur einstaklinga til NPA væri afdráttarlaus og skýr og að enginn kvóti væri á þessum mikilvægu mannréttindum fatlaðs fólks.

Jafnframt hafa stjórnarmenn NPA miðstöðvarinnar tekið þátt í að móta fræðsluáætlun og námskeið sem koma til með að liggja til grundvallar því að notendur fái NPA samninga, starfsmenn geti unnið sem NPA aðstoðarfólk og að umsýsluaðilar geti fengið starfsleyfi. Fyrstu NPA grunnnámskeiðin, sem eru skipulögð af og undir stjórn félagsmálaráðuneytisins, hófust í lok maí 2019 og vonir standa til að hægt verði að þróa og útfæra þessi námskeið nánar á næstu misserum.

Þrátt fyrir að lögfesting og innleiðing NPA hafi ekki farið eins vel og vonir NPA miðstöðvarinnar stóðu til, og að heilmargt sé athugavert varðandi handbók um NPA og framkvæmdina í heild sinni, hlýtur það að teljast jákvætt að jafn mikilvæg mannréttindi og NPA hafi loks verið lögfest. Það þýðir að fleira fatlað fólk á kost á því að lifa sjálfstæðu lífi, á eigin forsendum. Stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur lagt mikla áherslu á að leggja sitt af mörkum til þess að lögfesting og innleiðing NPA verði sem farsælust og mun halda þeirri baráttu áfram.

1.2 Hátíðarfögnuður NPA miðstöðvarinnar

Í tilefni af lögfestingu NPA var ákveðið að halda aðalfund NPA miðstöðvarinnar fyrir árið 2018 á Evrópuþegi um sjálfsætt líf, þann 5. maí 2018. Í kjölfar fundarins var svo boðað til sérstaks hátíðarfundar á Nauthóli. Fjölmarginir gestir lögðu leið sína á fundinn og var nær fullt út úr dyrum. Fatlað fólk tók til máls á fundinum og flutti erindi er vörðuðu réttinn til sjálfstæðs lífs auk þess sem formaður NPA miðstöðvarinnar veitti Guðmundi Steingrímssyni sérstaka viðurkenningu vegna hans þátttöku og aðkomu að lögfestingu NPA. Mikil ánægja var í lok fundarins með hvernig til tókst.

1.3 Flutningar, ráðning framkvæmdastjóra og fjölgun á skrifstofu

Eftir lögfestingu NPA var ljóst að búast mætti við fjölgun félagsmanna og auknum umsvifum af hálfu NPA miðstöðvarinnar. Undirbúningur að stækkun NPA miðstöðvarinnar hafði átt sér nokkurn aðdraganda og reglulega verið til umræðu meðal stjórnarmeðlima NPA miðstöðvarinnar sl. misseri, einkum með tilliti til húsnæðisþarfa og fjölgunar á starfsfólki. Brýn þörf var fyrir því að fá ráðgjafa til starfa til að auka þjónustu við félagsmenn og aðstoða þá við að komast af stað með NPA, m.a. með því að auglýsa eftir aðstoðarfólki, taka atvinnuviðtöl, útfæra vaktaplön, skrá vinnuskýrslur o.fl.

Sumarið og haustið 2018 fóru í að kanna möguleika NPA miðstöðvarinnar á að flytja starfsemi sína í annað húsnæði. Nokkrir möguleikar voru skoðaðir en niðurstaðan varð sú að flytja starfsemina í laust rými í Hátúni 12 sem áður hýsti starfsemi Þekkingarmiðstöðvarinnar. Samhliða flutningunum í október 2018 auglýsti NPA miðstöðin eftir ráðgjöfum til starfa auk launafulltúra/bókara. Margir áhugaverðir umsækjendur komu til greina en að loknu viðtalsferli voru ráðnir tveir ráðgjafar, Anna Guðrún Sigurðardóttir og Andri Valgeirsson, en þau eru sjálf bæði notendur og félagsmenn í NPA miðstöðinni. Ráðgjafarnir tóku til starfa þann 1. nóvember 2018. Nýr bókari/launafulltrúi NPA miðstöðvarinnar, Sigurdís Rós Jóhannsdóttir, tók svo til starfa 1. janúar 2019.

Áður en ráðist var í flutninga og fjölgun starfsfólks ákvað miðstöðin að ganga frá ráðningu framkvæmdastjóra, en lög um samvinnufélög gera þá kröfu að í samvinnufélögum sé starfandi framkvæmdastjóri. Var ákveðið að Hjörtur Eysteinnsson, sem gegnt hefur starfi skrifstofustjóra

NPA miðstöðvarinnar frá október 2015, yrði ráðinn sem nýr framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar frá og með 1. nóvember 2018.

Vorið 2019 tók stjórn NPA miðstöðvarinnar ákvörðun um að auglýsa eftir þroskaþjálfara til starfa á skrifstofu miðstöðvarinnar, en fram til þessa hefur vantað þekkingu og reynslu innan miðstöðvarinnar til þess að þjónusta notendur með þroskakerðingar og notendur með aðstoðarverkstjórnendur. Þroskaþjálfinn mun koma með nýja þekkingu inn í miðstöðina til þess að gera ráðgjafa hennar og aðra starfsmenn betur í stakk búna til þess að þjónusta þennan hóp félagsmanna. Einnig er ráðning þroskaþjálfara liður í því að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun félagsmanna og þeim fjölbreytileika sem fötluðu fólki fylgir.

Undir lok starfstímabilsins voru því starfandi á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar 5 starfsmenn, þ.e. framkvæmdastjóri, tveir ráðgjafar, launafulltrúi og verkefnastjóri (í fæðingarorlofi), en búast má við að sjötti starfsmaðurinn, þroskaþjálfari, taki til starfa sumarið 2019.

1.4 Kynningarstarf og fjölmiðlar

NPA miðstöðin hefur verið afar sýnileg á liðnu starfsári, bæði í fjölmiðlum sem og á samfélagsmiðlum. Miðstöðin heldur áfram úti virkum hópi á Facebook sem ber nafnið Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi sem er vettvangur fyrir alla áhugasama um að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum um allt sem varðar NPA.

Þá hefur miðstöðin lagt sig fram um að kynna starfsemi sína sérstaklega úti á landsbyggðinni og hefur í þeim tilgangi haldið kynningarfundi um NPA miðstöðina, bæði fyrir notendur og sveitarfélög, á Ísafirði og á Akureyri. Hugmyndin er að til framtíðar litið verði NPA miðstöðin með varanlega viðveru eða útibú í öðrum stórum þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni og að þeim útibúum verði stýrt af notendum þar.

Kynningarfundir NPA miðstöðvarinnar á Ísafirði og Akureyri voru afar vel sóttir, bæði af notendum, aðstandendum, fulltrúum sveitarfélaga og öðrum áhugasömum um NPA og sjálfstætt líf. Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar hittu fyrst fulltrúa sveitarfélaganna og fóru með þeim yfir praktísk mál er varðar framkvæmd umsýslunnar og samstarf NPA miðstöðvarinnar við sveitarfélögin. Eins og gengur lagði NPA miðstöðin mikla áherslu á hækkun fjárframlaga til

NPA samninga til samræmis við ákvæði kjarasamninga og mikilvægi vandaðrar og góðrar umsýslu. Að þeim fundi loknum var boðið til opins kynningarfundar þar sem farið var stuttlega yfir NPA, hugmyndafræðina þar að baki, mikilvægi sjálfstæðs lífs og valds notendanna og hlutverk NPA miðstöðvarinnar í að tryggja markmið NPA og þjónustuna sem miðstöðin veitir.

Að kynningarfundum loknum var boðið uppá styttri fundi með einstökum notendum eða áhugasömum aðilum.

Vorið 2019 héldu formaður NPA miðstöðvarinnar, Rúnar Björn, og Andri, ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni, norður til Skagafjarðar og Akureyrar. Þar hittu þeir nýja og gamla félagsmenn NPA miðstöðvarinnar á fundi ásamt því að hitta fulltrúa sveitarfélaga. Tilgangur ferðarinnar var að tengjast félagsmönnum á Norðurlandi betur, en þeir voru þá orðnir fjórir talsins, auk þess að fá hugmyndir frá þeim um hvernig NPA miðstöðin geti veitt þeim betri þjónustu. Ýmsar gagnlegar upplýsingar fengust í ferðinni um stöðu mála, aðstæður og áskoranir hjá félagsmönnum, t.d. varðandi NPA samninga þeirra og framkvæmdina, sem miðstöðin getur veitt liðsinni við að bæta úr

Þá er rétt að vekja athygli á að Spegillinn, fréttaskýringabáttur á Rás 2, vann nokkuð ítarlega pistlaröð um NPA nú í vor, en dagskrárgerðarfólk þáttarins tók viðtöl við nokkra NPA notendur, aðstoðarfólk og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar, ásamt fulltrúa sveitarfélaga. Að mati NPA miðstöðvarinnar heppnaðist pistlaröðin vel og áhugavert að sjá sjónarhorn hinna mismunandi hliða NPA.

1.5 Fræðsla

Mikil áhersla hefur verið lögð á vinnuframlag stjórnarmanna NPA miðstöðvarinnar við lögfestingu NPA og þátttöku NPA miðstöðvarinnar í því ferli. Þá hefur einnig mikil vinna farið í kynningarstarf og uppbyggingu innviða NPA miðstöðvarinnar í tengslum við flutninga og ráðningu starfsfólks á skrifstofu. Þá hefur einnig talsverð vinna farið í móttöku og stuðning við nýja félagsmenn. Það hefur bitnað nokkuð á annarri starfsemi miðstöðvarinnar, s.s. almennri fræðslu. NPA miðstöðin hefur þó skipulagt nokkra jafningjafræðslufundi á árinu þar sem félagsfólki miðstöðvarinnar hefur gefist kostur á að spjalla og ráðfæra sig við hvert annað um málefni og framkvæmd NPA.

NPA miðstöðin hefur jafnframt haldið námskeið fyrir aðstoðarfólk í skyndihjálpi þar sem fatlaður einstaklingur er sá sem veita þyrfti skyndihjálpi. Á komandi starfsári þarf að leggja enn meiri áherslu á fræðslumálin, enda eru fjölmargir nýir einstaklingar að koma inn í NPA umhverfið og mikilvægt að þeir fái dyggan stuðning, leiðsögn og fræðslu, sérstaklega frá öðrum notendum með reynslu af NPA.

1.6 Umsókn um starfsleyfi og námskeið um NPA

Ein af þeim breytingum sem felast í lögfestingu NPA og nýrri reglugerð um NPA er að framvegis munu allir þeir sem ætla að starfa sem NPA umsýsluaðilar þurfa að afla starfsleyfis frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsmála og barnaverndar (GEF). Jafnframt þurfa umsýsluaðilar, eins og aðrir sem koma að framkvæmd NPA, að sitja grunn- og framhaldsnámskeið á vegum Félagsmálaráðuneytisins um NPA.

Nokkur óvissa kom upp snemma á árinu 2019 um hvort starfandi umsýsluaðilar gætu tekið að sér umsýslu með nýjum NPA samningum sem samþykktir höfðu verið eftir lögfestingu NPA, en sveitarfélögum þótti reglugerðin ekki skýr hvað þetta varðaði, einkum með tilliti til þeirrar kröfu að umsýsluaðilar væru með starfsleyfi. Þar sem GEF hafði ekki enn gefið út umsóknareyðublöð vegna umsókna um starfsleyfi var útilokað fyrir umsýsluaðila að afla starfsleyfis og þar af leiðandi gætu starfandi umsýsluaðilar, þ.m.t. NPA miðstöðin, ekki tekið að sér umsýslu með nýjum NPA samningum. NPA miðstöðin var ósammála þessari afstöðu sveitarfélaga, en niðurstaðan varð sú að gera breytingu á reglugerð um NPA þar sem tekinn var allur vafi af því að starfandi umsýsluaðilar gætu tekið að sér umsýslu með nýjum NPA samningum og hefðu frest til 30. september nk. til þess að afla starfsleyfis og sitja námskeið ráðuneytisins um NPA.

NPA miðstöðin sendi inn fullbúna umsókn um starfsleyfi til GEF í febrúar 2019, en stofnunin hafði þó enn ekki afgreitt umsóknina fyrir aðalfund NPA miðstöðvarinnar.

1.7 Minnisblað NPA miðstöðvarinnar um jafnaðartaxta og kröfubréf til sveitarfélaga

Sumarið 2018 tók NPA miðstöðin saman minnisblað með útreikningum á réttum jafnaðartaxta sólarhringssamninga með hvíldarvöktum út frá réttum kjarasamningi NPA aðstoðarfólks.

Markmið minnisblaðsins var að sýna fram á raunverulegan launakostnað NPA aðstoðarfólks og hver framlög sveitarfélaga til launakostnaðar þyrftu að vera til þess að notendur gætu staðið við skuldbindingar sínar gagnvart því. Minnisblaðið var sent út til þeirra sveitarfélaga sem NPA miðstöðin hefur verið í samstarfi við til þess að opna á samtalið um hækkun framlagsins.

Eftir birtingu reglugerðar um NPA, þar sem meðal annars má finna ákvæði um að framlög sveitarfélaga til launakostnaðar í NPA skuli taka mið af ákvæðum kjarasamninga, tók NPA miðstöðin saman uppfært minnisblað um launakostnað ásamt kröfubréfi. Í kröfubréfinu eru settar fram kröfur til sveitarfélaga um að þau fari eftir ákvæðum reglugerðar um NPA, þ.m.t. að greiða framlög til launakostnaðar sem taka mið af ákvæðum kjarasamninga, sbr. minnisblað miðstöðvarinnar, greiða framlögin fyrirfram í upphafi hvers mánaðar, greiða viðbótarframlög vegna aðstoðarverkstjórnar, taka tillit til veikinda og fræðslu aðstoðarfólks o.s.frv.

Minnisblað og kröfubréf NPA miðstöðvarinnar vöktu nokkra athygli, en bæði Fréttastofa Stöðvar 2 og Fréttastofa Ríkissjónvarpsins voru með umfjallanir um bréfið. Einhver sveitarfélög brugðust við bréfinu með jákvæðum hætti og aðlöguðu framkvæmdina til samræmis við kröfu, en önnur sveitarfélög eiga eftir að bregðast við bréfi miðstöðvarinnar.

1.8 Skoðanakönnun meðal NPA aðstoðarfólks og kjaraviðræður

Mikil ólga hefur verið á íslenskum vinnumarkaði á seinni hluta starfstímabilsins. Kjarasamningar runnu út áramótin 2018/2019 og nokkur átök voru milli samtaka atvinnurekenda og launþegahreyfingarinnar í kjaraviðræðum, sem meðal annars leiddu til verkfalla hjá verkafólki í ýmsum stéttum. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru þó samþykktir og var samningurinn nefndur „Lífskjarasamningurinn“, en hann kveður á um all nokkrar launahækkanir og bættari starfskjör hjá launþegum. NPA miðstöðin undirbýr sig nú undir endurnýjun á sérkjarasamningi sínum við Eflingu/SGS um starfskjör NPA aðstoðarfólks.

NPA notendur og aðstoðarfólk þeirra búa við nokkra sérstöðu þegar kemur að vinnutilhögun og hvíldartíma, en á innleiðingartímabili NPA hefur verið í gildi undanþága frá hvíldartíma og hámarkslengd vakta hjá NPA aðstoðarfólki. Undanþágan á sér stoð í bráðabirgðaákvæði í vinnuverndarlöggjöfinni og felur í sér að NPA notendur og stéttarfélög geta samið um frávík frá skilyrði laganna um vinnutíma og hvíld aðstoðarfólks. Í

sérkjarasamningi NPA miðstöðvarinnar og Eflingar/SGS hefur verið samið um að heimilt sé að skipuleggja sólarhringsvaktir, að því skilyrði uppfylltu að unnt sé að tryggja hvíld á meðan vaktinni stendur. Hvíldin verður að vera tryggð með ákveðnum hætti og ekki fela í sér of mörg hvíldarrof, annars teljist hún ekki hvíldarvakt og greiðist því eðlilegt álag. Á meðan hvíldarvaktinni stendur, greiðist dagvinnugrunnur. NPA notendum er heimilt að skipuleggja allt að tvær samliggjandi sólarhringsvaktir.

Í meðförum Alþingis á endurnýjun bráðabirgðaákvæðisins sl. haust, um frávík frá vinnu- og hvíldartíma NPA aðstoðarfólks, lagðist launþegahreyfingin og Vinnueftirlitið gegn því að framlenging bráðabirgðaákvæðisins næði fram að ganga. Meðal annars hafi verið á því byggt að brotið væri með ákvæðinu gegn réttindum NPA aðstoðarfólks. NPA miðstöðin lagði fram umsögn og mætti til fundar með Velferðarnefnd Alþingis til að gera grein fyrir afstöðu sinni til undanþágunnar og rökstyðja mikilvægi hennar. Bráðabirgðaákvæðið var framlengt en ljóst var að NPA notendur þyrftu að leggja sig fram um að sýna fram á að þetta fyrirkomulag sólarhringsvakta geti gengið upp og að slíkt fyrirkomulag sé gert í sátt við NPA aðstoðarfólk.

Í nóvember 2018 hóf NPA miðstöðin viðræður við nokkur fyrirtæki um framkvæmd könnunar meðal NPA aðstoðarfólks. Tilgangurinn með könnuninni var að fá fram viðhorf þeirra og reynslu til sólarhringsvakta og hvíldartíma í sínu starfi og eins kanna almennt viðhorf þeirra til starfsins og starfsánægju. Ákveðið var að taka tilboði frá Gallup um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. NPA miðstöðin útfærði spurningalista fyrir aðstoðarfólk í samstarfi við Gallup og könnunin var svo send út á netföng til aðstoðarfólks félagsmanna NPA miðstöðvarinnar á tímabilinu 12. apríl til 7. maí 2019.

Stjórn NPA miðstöðvarinnar vonast til þess að niðurstöður könnunarinnar gefi góða vísbandingu um upplifun NPA aðstoðarfólks af fyrirkomulagi sólarhringsvakta sem nýst getur í komandi kjaraviðræðum við Eflingu/SGS og jafnframt verði leiðarvísir fyrir miðstöðina til þess að efla þjónustu sína og starfsemi.

1.9 Stefnumótunardagur NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin stóð fyrir stefnumótunardegi þann 10. apríl sl. Dagurinn væri bæði hugsaður til þess að hrista saman hópinn, þ.e. stjórn NPA miðstöðvarinnar, starfsfólk skrifstofunnar og almenna félagsmenn, sem og að gefa okkur tækifæri til þess að kjarna starfsemi

miðstöðvarinnar og stunda ákveðna sjálfskoðun. Markmið dagsins var að skilgreina meginflokkar starfsemi NPA miðstöðvarinnar og þau verkefni sem brýnast er fyrir miðstöðina að sinna. Þá voru sett markmið fyrir næstu ár í hverjum flokki fyrir sig auk þess sem sett voru niður tiltekin gildi fyrir miðstöðina. Einnig veltu þátttakendur upp mögulegum nýjum tákmyndum fyrir NPA miðstöðina, þ.e. logo og litasamsetningum. Deginum var stýrt af Ingu Auðbjörgu Straumland.

Þátttakendur voru allir sammála um að dagurinn hafi heppnast vel þrátt fyrir að hópur þátttakenda hafi verið fámennur.

1.10 Vinnan framundan

Stór verkefni bíða stjórn NPA miðstöðvarinnar á næsta starfstímabili. Fyrir dyrum stendur endurnýjun sérkjarasamnings NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS og er undirbúningur fyrir þær viðræður þegar hafinn. Beðið eftir niðurstöðum skoðanakönnunar hjá NPA aðstoðarfólki frá Gallup og vonir standa til að það muni reynast gott gagn í viðræðunum.

Sveitarfélög hafa mörg hver enn ekki mótað sér reglur um NPA og má ætla að nokkuð reyni á NPA miðstöðina í að setja sig inn í nýjar reglur sveitarfélaga og endurnýja samstarfssamninga sína við öll helstu sveitarfélög á grundvelli nýrra samningsforma frá Félagsmálaráðuneytinu.

Sem fyrr mun einnig reyna á NPA miðstöðina að taka á móti nýjum félagsmönnum og styðja við þá. Ætla má að á komandi starfstímabili bætist við allnokkrir nýir notendur, sem ekki hafa verið með NPA samninga eða sambærilega þjónustu áður og því mun reyna á stjórn og ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar að styðja við þessa nýju notendur og veita þeim góða þjónustu.

2 NPA miðstöðin

2.1 Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar

Óhætt er að segja að félagsmönnum NPA miðstöðvarinnar hafi fjölgað nokkuð á liðnu starfsári, þ.e. NPA notendur sem eru með NPA umsýslu sína hjá miðstöðinni. Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var þann 5. maí 2018, voru 17 einstaklingar skráðir félagsmenn hjá NPA miðstöðinni,

en á aðalfundinum nú, þann 1. júní 2019 voru þeir 31. Fjöldi félagsmanna hefur því nær tvöfaldast á einu ári. Þannig bættust 15 nýir félagsmenn við á starfsárinu, en einn félagsmaður flutti erlendis.

Af félagsmönnum miðstöðvarinnar eru þrír félagsmenn með beingreiðslusamninga, en þjónusta við þá fer fram með sama hætti hjá miðstöðinni og NPA samningar með tilliti til umsýslunnar, auk þess sem þeir njóta sömu félagslegu réttinda hjá miðstöðinni og notendur með NPA samninga. Hinir 28 eru félagsmenn með NPA samninga.

2.2 Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur/félagsmenn

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll einhverju þjónustusvæði sveitarfélags eða sveitarfélaga vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar, 31 að tölu, skiptast niður á átta þjónustusvæði; Reykjavík, Mosfellsbær (þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps), Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akureyrarbær og Dalvíkurbyggð (þjónustusvæði Norðurlands vestra).

2.3 Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Um síðustu áramót gegndu 89 stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsmönnum NPA miðstöðvarinnar, í mismunandi starfshlutföllum.

2.4 Stjórn

Á aðalfundi NPA miðstöðvar 27. maí 2017 voru gerðar breytingar á samþykktum NPA miðstöðvarinnar hvað varðar stjórn félagsins. Aðalmönnum í stjórn var fækkað úr fimm í þrjá en varamenn eru áfram þrír, þar sem lög um samvinnufélög gera ráð fyrir að þeir séu ekki færri. Vonir standa til þess að unnt verði að fjölga fólki í stjórn NPA miðstöðvarinnar á nýjan leik með fjölgun félagsmanna, en erfiðlega hefur gengið að fá félagsmenn til þess að gegna stjórnarstörfum fyrir félagið.

Á aðalfundinum þann 5. maí 2018 voru þessi kjörin í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum nýkjörinnar stjórnar, þann 4. júní 2018:

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri
- Ragnar Gunnar Þórhallsson, ritari

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 1. varamaður
- Halldóra Bjarnadóttir, 2. varamaður
- Anna Sigríður Sigurðardóttir, 3. varamaður

2.4.1 Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu voru haldnir 18 stjórnarfundir; tíu á árinu 2018 og átta á árinu 2019.

2.5 Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar

Umsvifin á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar hafa aukist umtalsvert á liðnu ári, líkt og áður segir. Ráðnir voru inn þrír nýir starfsmenn og auglýst eftir þeim fjórða, þ.e. þroskaþjálfar. Starfsfólk skrifstofu NPA miðstöðvarinnar verða því brátt 6 talsins. Stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur einnig tekið virkan þátt í daglegu starfi miðstöðvarinnar, meðal annars með aðkomu að þátttöku í samráði við stjórnvöld um reglugerðarvinnu, útgáfu handbókar o.fl. Starfsfólk skrifstofunnar er sem hér segir:

- Hjörtur Örn Eysteinnsson, framkvæmdastjóri
- Silja Ástþórsdóttir, verkefnastjóri (í fæðingarorlofi)
- Sigurdís Rós Jóhannsdóttir, launafulltrúi/bókari
- Anna Guðrún Sigurðardóttir, ráðgjafi
- Andri Valgeirsson, ráðgjafi

NPA miðstöðin rekur þjónustu sína í aðgengilegu skrifstofuhúsnæði í Hátúni 12 í Reykjavík, en miðstöðin flutti starfsemi sína á liðnu starfsári, líkt og fyrr segir. Húsnæðið er u.þ.b. 200 fm. að stærð og staðsett á jarðhæð við suðurhlíð Sjálfsbjargarhússins. Húsnæðið er aðgengilegt fyrir hreyfihamlað fólk með nægum bílastæðum og býður uppá margvíslega möguleika fyrir félagsmenn. Inngangar að húsnæðinu eru rafknúnir og opnast með því að þrýst er á hnapp. Félagsmenn geta nýtt sér húsnæðið til þess að halda starfsmannafundi, tekið atvinnuviðtöl

eða nýtt sem vinnuáðstöðu til þess að halda utan um og skipuleggja sína notendastýrðu persónulegu aðstoð. Í húsnæðinu eru rafknúin borð sem hægt er að hæðarstilla, stólar og sófar, rými sem hægt er að loka, tölvuskjái og sjónvarpsskjái, fundarborð, tölvubúnaður, prentarar o.fl. ásamt starfsfólki sem er reiðubúið að aðstoða og veita þjónustu. Þá er einnig hægt að nýta húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðslustarfsemi eða námskeið. Tæknibúnaður miðstöðvarinnar gerir það enn frekar að verkum að unnt er að vera með fjarfundi og myndfundi.

2.6 Þjónusta NPA miðstöðvarinnar

Óhætt er að segja að þjónusta NPA miðstöðvarinnar við félagsmenn hafi aukist umtalsvert með ráðningu ráðgjafa á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar. Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar aðstoða félagsmenn við að útbúa vakta og viðveruáætlanir, auglýsa eftir aðstoðarfólki, taka atvinnuviðtöl og ráðningarmál, uppsagnir, samningamál o.fl. Þá veita ráðgjafar miðstöðvarinnar einnig ráðgjöf varðandi kjarasamninga, útreikninga á launakostnaði og allt annað sem tengist framkvæmdinni á NPA. Aðilar sem eru áhugasamir um NPA geta einnig leitað til ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar til að fá upplýsingar um NPA, réttinn til NPA og hvernig sótt er um NPA, svo dæmi séu tekin.

Með ráðningu launafulltrúa/bókara sl. áramót tók NPA miðstöðin síðasta skrefið í þá átt að gera starfsemi NPA miðstöðvarinnar sjálfstæða og að hún fari öll fram innan miðstöðvarinnar sjálftrar. Frá haustinu 2017 hefur NPA miðstöðin unnið að því að færa alla launa- og bókahaldsvinnu inn til miðstöðvarinnar í skrefum, en Cilian ehf. og BDO endurskoðun höfðu annast þá vinnu fyrir NPA miðstöðina fram til þess tíma. Samstarf NPA miðstöðvarinnar við Cilian hefur verið ákaflega farsælt og gott, en Ragnildur Harðardóttir, eigandi Cilian, hefur verið með NPA miðstöðinni frá upphafi. NPA miðstöðin er afar þakklát fyrir þá þjónustu sem Ragnildur og Cilian hefur veitt miðstöðinni á liðnum árum og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni. Í þakklætisskyni veitti stjórn NPA miðstöðvarinnar Cilian, þ.e. Ragnildi Harðardóttur og Birgi Marel Jóhannssyni, blómvönd og veglegt páskaegg að loknum stjórnarfundi í apríl sl., þar sem farið var yfir ársreikning NPA miðstöðvarinnar.

Næstu skref verða að gera bókhald og launavinnslu NPA miðstöðvarinnar auðveldari, gagnvirkari og gegnsærri. Vonir standa til þess að NPA miðstöðin geti á næstu misserum tekið

upp tölvuvætt tímaskráningarkerfi fyrir félagsmenn NPA miðstöðvarinnar sem tengist beint við launabókhald miðstöðvarinnar og því þurfi ekki lengur að handskrú inn allar upplýsingar úr vinnuskýrslum í launakerfið. Slíkt fyrirkomulag er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt, auk þess sem það eykur líkur á innsláttarvillum og þörf fyrir leiðréttingum eftirá. Slíkt kerfi yrði einnig til þess fallið að auðvelda NPA notendum að fylgjast með raunkostnaði launakostnaðar hjá sínu aðstoðarfólki, hver inneign hans er á hverjum tíma og þannig átt auðveldar með að hafa yfirsýn yfir sinn samning og að skipuleggja sína aðstoð. Nú er félagsmönnum að fjölga ört hjá miðstöðinni og því má ætla að upptaka og þróun slíks kerfis verði raunhæfur möguleiki á næstunni.

2.7 Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar

Vefur NPA miðstöðvarinnar hefur að geyma lykil upplýsingar um miðstöðina, hlutverk og starfsemi. Vefurinn tók ekki miklum breytingum á starfstímabilinu þar sem megináhersla hefur verið lögð á samfélagsmiðla á liðnu tímabili. Hins vegar er ljóst að uppfæra þarf vef NPA miðstöðvarinnar á næstunni, bæði hvað varðar efni, útlit og notkunarmöguleika síðunnar.

NPA miðstöðin hefur verið afar virk og sýnileg á samfélagsmiðlum og meðal annars notað Facebook til þess að auglýsa starfsemi sína og vekja athygli á mikilvægum málum með kostuðum auglýsingum.

2.8 Rekstur og fjárhagur

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktar miðstöðvarinnar, sem hljóðar svo: „*Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfseminni.*“

Hagnaður, 9.923 þúsund kr., sem varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2018, en hagnaðurinn var fyrirsjáanlegur með hliðsjón af umfangi og miklum vexti starfseminnar á síðasta ári og fjölgun félagsmanna, sem hefur m.a. gert NPA miðstöðinni kleift að fjölga starfsfólki á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar. Hagnaðurinn verður nýttur til þess að efla þjónustu, fræðslu og ráðgjöf og styrkja rekstur og stöðu NPA miðstöðvarinnar.

Eigið fé félagsins nam 28.703 þús kr. árslok skv. efnahagsreikningi.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og hinum fjölmörgu samstarfsaðilum hjá ríki, sveitarfélögum, stéttarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum og einstaklingum fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.